

KAFLI I: FÉLAGIÐ, MARKMIÐ OG FÉLAGSFÓLK

1. grein

Nafn félagsins er Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Á alþjóðavettvangi er heimilt að nota nafnið Trans Iceland.

2. grein

Markmið félagsins er að:

- Skapa trans fólki og fjölskyldum þeirra menningarlegan vettvang og styrkja þannig sjálfsvitund þeirra, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.
- Vinna að laga- og réttarbótum á málefnum trans fólks á Íslandi. Stuðla að auknum skilningi á málefnum trans fólks, þ.m.t. trans kvenna, trans karla, kynsegin fólks og allra þeirra sem eru á einhvern hátt trans.
- Auka fræðslu til fagfólks svo sem geðteyma og lækna og vera þeim innan handar í því að aðstoða fólk sem er í þessu ferli eða hafa lokið því.
- Eiga samstarf við sambærileg samtök, hópa og áhugafólk hérlendis og erlendis sem stefna að sömu markmiðum.
- Efla mannréttindi og minna á að allar mannlegar verur eru fæddar frjálsar og jafnar að göfgi og réttindum og að sérhver mannleg vera á kröfu til að njóta mannréttinda án nokkurrar aðgreiningar svo sem vegna kynþáttar, húðlitar, kynferðis, kynvitundar, kynhneigðar, kyneinkenna, kyntjáningar, tungumáls, trúarbragða, stjórnámálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna þar á meðal félagslega og þjóðernislega, eigna, fæðingar eða vegna annarrar stöðu.
- Vera í virkum samskiptum við tengd félög.

3. grein

Aðild að félaginu er opin öllum þeim sem eru á einhvern hátt trans; eru forráðamenn eða aðstandendur trans fólks; og stuðningsfólki trans fólks. Allt félagsfólk sem hefur greitt félagsgjöld fyrir árlegan aðalfund er kjörgengt til stjórnar og hefur atkvæðarétt.

4. grein

Félagsgjöld skulu vera greidd á almanaksári hverju af félagsfólki. Upphæð er samþykkt á árlegum aðalfundi í hvert sinn og tekur gildi á næsta almanaksári.

KAFLI II: FUNDIR

5. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins. Hann skal halda í febrúar eða mars ár hvert og skal til hans boðað skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hefur allt félagsfólk sem hefur greitt félagsgjöld fyrir yfirstandandi almanaksár.

Dagskrá aðalfundar skal vera á þessa leið:

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Lögmæti aðalfundar staðfest.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Skoðaðir ársreikningar lagðir fram.
6. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning forseta.
9. Kosning fjögurra stjórnarmeðlima.
10. Kosning eins skoðunaraðila reikninga.
11. Samþykkt félagsgjalds.
12. Önnur mál.

6. grein

Stefnt skal að því að halda félagslega viðburði mánaðarlega en félagsfólki er frjálst að skipuleggja félagslega viðburði í nafni félagsins að gefnu samþykki, með eða án aðstoðar stjórnar. Stjórn skal þó tryggja að á hverju kjörtímabili séu haldnir minnst 6 félagslegir viðburðir. Óski þriðjungur félagsfólks skriflega eftir félagsfundi skal hann boðaður af stjórn.

KAFLI III: STJÓRN

7. grein

Stjórnin fer með ákvörðunarvald félagsins milli aðalfunda. Stjórnin skal vinna að því að koma stefnumálum félagsins á framfæri eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni.

8. grein

Ef einhver stjórnarmeðlima vikur úr stjórn á kjörtímabili skal stjórnin skipa staðgengil úr röðum félagsfólks. Ef fleiri en einn stjórnarmeðlimur vikur úr stjórn, skal stjórn

boða til félagsfundar svo fljótt sem auðið er og leggja nafn nýs stjórnarmeðlims undir samþykki fundarins.

9. grein

Kjörtímabil er skilgreint á milli árlegra aðalfunda.

10. grein

Stjórnarmeðlimir, sem og annað félagsfólk, eru bundin trúnaði um málefni félagsfólks og þeirra sem leita til félagsins. Félagatal er trúnaðarmál og má ekki afhenda öðrum en kjörnu stjórnarfólki. Trúnaðarskylda fellur ekki úr gildi jafnvel þótt stjórnarmeðlimir hafi látið af störfum eða félagsfólk gengið úr félaginu.

11. grein

Stjórnin skipar nefndir eftir þörfum.

12. grein

Verði einn eða fleiri stjórnarmeðlima vísir um að einhver stjórnarmeðlimur hafi gerst brotlegur samkvæmt lögum félagsins má bera upp vantrauststillögu gagnvart viðkomandi. Sé vantrauststillagan samþykkt af meirihluta stjórnar á stjórnarfundi skal viðkomandi tafarlaust vikið úr stjórn.

13. grein

Stjórn skal, auk forseta, vera skipuð varaforseta, ritara, gjaldkera og einum meðstjórnanda. Kjörnir stjórnarmeðlimir skipta með sér hlutverkum á fyrsta stjórnarfundi að loknum aðalfundi. Ef ekki næst að kjósa fjóra stjórnarmeðlimi mega þeir meðlimir sem ná kjöri skipta stöðunum á milli sín enda séu a.m.k. þrír meðlimir í stjórn að meðtöldum forseta.

14. grein

Forseti er oddviti stjórnar og stýrir fundum hennar. Varaforseti gegnir störfum forseta í fjarveru hans. Ritari ritar fundargerðir stjórnar og ber ábyrgð á að erindum sem berast félaginu í tölvupósti og á samfélagsmiðlum sé svarað. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálum félagsins og sér um gerð ársreikninga fyrir aðalfund. Meðstjórnandi sinnir öðrum verkum sem stjórn ákveður. Stjórnarmeðlimum er heimilt að fela öðrum stjórnarmeðlimum verkefni sín eftir þörfum, í samráði við viðkomandi stjórnarmeðlim. Stjórn skal á sínum fyrsta fundi að loknum aðalfundi setja sér verklagsreglur.

KAFLI IV: ÖNNUR ÁKVÆÐI

15. grein

Breytingar á lögum eða stefnuskrá félagsins má aðeins gera á aðalfundi. Tillögur þess efnis frá félagsfólki skulu berast stjórn minnst tveimur dögum fyrir aðalfund. Tillögur skulu vera gerðar aðgengilegar félagsfólki minnst sólarhring fyrir aðalfund. Tillaga öðlast gildi ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja hana.

16. grein

Ákvörðun um slit félagsins verður ekki tekin nema á aðalfundi. Tillaga þess efnis skal hljóta sömu meðferð og tillögur til lagabreytinga skv. 15. grein laga félagsins. Ekki má leggja félagið niður ef þrír fundarmenn eða fleiri vilja halda því áfram. Verði félagið lagt niður skulu eignir þess og skjöl afhent Samtökunum '78 til varðveislu, enda séu þær afhentar aftur félagi sem síðar kann að vera stofnað í sama tilgangi og Trans Ísland.

*Lög samþykkt á aðalfundi Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi, 4. mars 2025.
Með þessum lögum falla eldri lög úr gildi.*